

krafizt, að stefndi verði dæmdur samkvæmt yfirmatinu, og því m. a. haldið fram, að félagið hafi þegar samþykkt að greiða bætur fyrir skemmdirnar, sem rætt er um í mati virðingarmanna. Þessu er andmælt af hálfu stefnda. Raunar er viðurkennt, enda upplýst, að stefndi hafi gengið inn á að greiða bætur, en því jafnframt haldið fram, að það hafi verið gert umfram skyldu og bundið við ákveðna fjárhæð eða þá fjárhæð, sem tilgreind er í mati virðingarmanna félagsins. Í máli þessu hefur stefnandi ekki, eins og fyrr segir, sýnt fram á, að réttmæt bótakrafa hafi verið fyrir hendi, og þykir þá ekki heimilt að líta svo á, að hið stefnda félag hafi tekið á sig skyldu til að greiða frekari bætur en þegar hafa verið inntar af hendi. Samkvæmt þessu verður stefndi sýkn- aður að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna formanns dómsins við lögtök og innheimtur og daglega afgreiðslu.

Dómsorð:

Stefndi, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 11. maí 1971.

Nr. 9/1971. **Landeigendafélag Laxár og Mývatns**
(Sigurður Gizurarson hrl.)
gegn
Laxárvirkjun (Friðrik Magnússon hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson, Þórður Björnsson yfirsakadómari og Þorsteinn Thorarensen borgarlógefi.

Lögbannstrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1971. Dómkröfur hans eru þær, að lagt

verði fyrir fógetadóm Þingeyjarsýslu að leggja lögþann við því, að breytt sé rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni, án þess að áfrýjanda „verði gert að setja trygginargreiðslu sakir hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar“ áfrýjanda á lögþannsgreiðinni. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja fyrir Hæstarétti bendir ekkert til þess, að stefndi hefji fyrir en haustið 1972 framkvæmdir þær, sem áfrýjanda var heimilað að fá lagt lögþann við með dómi Hæstaréttar frá 15. desember 1970. Hefur stefndi þannig enn nokkurt svigrúm til þess að fá úr því skorið í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, hvort og þá hverjar bótagreiðslur honum beri að tryggja eða inna af hendi, áður en hann ræðst í framkvæmdir þessar. Þegar þetta er virt og önnur atriði, er hér skipta máli, þá þykir trygging sú, sem áfrýjanda ber að setja samkvæmt fortaklausum ákvæðum 12. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 hæfilega ákveðin tíu milljónir króna og sé hún peninga- eða bankatrygging.

Rétt er, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Aður en framangreint lögþann verður á lagt, ber áfrýjanda, Landeigendafélagi Laxár og Mývatns, að setja peninga- eða bankatryggingu að fjárhæð tíu milljónir króna.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar er staðfest.

Stefndi, Laxárvirkjun, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætadóms Þingeyjarsýslu 18. janúar 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 6. þ. m., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Félags landeigenda á Laxársvæðinu upphaflega höfðað með lögbannsbeiðni til sýslumannsins í Húsavík, Jóhanns Skaptasonar, dags. 30. maí 1970.

Kröfur gerðarbeiðanda fyrir fógetaréttinum eru nú þær, að lagt verði lögbann við því, að Laxárvirkjun eða Norðurverk h/f breyti rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni.

Jafnframt krefst gerðarbeiðandi þess, að lögbann þetta verði lagt á, án þess að gerðarbeiðanda verði gert að greiða tryggingarfjárhæðir vegna lögbannsins. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gerðarþoli, Laxárvirkjun, hefur gert þær kröfur, að framangreint lögbann verði því aðeins lagt á, að gerðarbeiðandi setji tryggingu að fjárhæð kr. 145.000.000.00, er verði annað hvort peninga- eða bankatrygging. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60 frá 20. maí 1965 um Laxárvirkjun, 4. gr., var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12.000 KW raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. sömu laga segir, að til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Laxárvirkjun lét hanna raforkuver í Laxá. Er það svonefnd Gljúfurversvirkjun. Var hönnun virkjunar þessarar unnin á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens s/f. Samkvæmt áætlun um Gljúfurversvirkjun átti hún að verða samtals 54.6 KW að stærð og vinnast í fjórum áföngum. Áætlun um virkjun þessa var gefin út í janúar 1968.

Hinn 15. september 1969 ritaði Laxárvirkjun raforkumálaráðherra bréf með áætlun um Gljúfurversvirkjun í Laxá, þar sem óskað var leyfis ráðuneytisins til virkjunar í samræmi við þá áætlun. Ráðuneytið óskaði umsagnar orkumálastjóra um þetta erindi Laxárvirkjunar. Umsögn orkumálastjóra er dags. 16. september 1969. Þar sem þessi umsögn er málinu mjög til glöggvunar, þykir rétt að taka hana hér inn í úrskurðinn í heild:

„Með bréfi, dags. í dag, hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar og athugunar erindi frá stjórn Laxárvirkjunar, sem

því barst í dag, ásamt áætlun yfir Gljúfurversvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Áætlun sú, sem fylgir bréfi stjórnar Laxárvirkjunarinnar, er á ensku og nefnist: „Gljúfurver project. Definate project report“ og er gefin út í janúar 1968.

Áætlunin er um virkjun efri hluta fallsins við Brúar í orkuveri með tveimur vélasamstæðum í neðanjarðarstöð, samtals 54,6 MW að stærð, og stíflu, er lyftir vatnsborði árinna við núverandi stíflu um 46 m.

Gert er ráð fyrir því, að síðar megi veita Suðurá, sem nú fellur í Skjálfandafljót, í Kráká og þannig í Laxá, en þau veitumannvirki eru ekki innifalin í áætluninni.

Í bili er ekki ætlunin að framkvæma nema 1. áfanga af fjórum, sem áætlunin er um. Í honum verður engin ný stífla byggð, heldur notuð gamla stíflan í Laxá I og vatnsborð ekki hækkað frá því, sem nú er. Sett verður aðeins ein vélasamstæða. Hins vegar er gert ráð fyrir að gera vatnsgöngin nægilega víð, til þess að þau geti tekið vatn af báðum vélum, ef Suðurá verður síðan veitt í Laxá. Ennfremur að gera vélasamstæðuna þannig úr garði, að hún geti einnig unnið við 84 m fallhæð, en það verður fallhæðin, ef vatnsborð er síðar hækkað um 46 m alls. Vélasamstæðan verður gerð fyrir 24 MW við 84 m fall, en í fyrsta áfanga verður afl hennar aðeins um 7 MW. Loks er og innifalið í þessum áfanga að sprengja í bergið fyrir fullri stærð vélasalarins.

Annar áfangi, er síðar kæmi, er bygging stíflu, sem lyftir vatnsborðinu 21 m og eykur fallhæðina upp í 59,5 m. Þá mun vélasamstæðan geta látið í té 14,7 MW. Í fylgiskjali með áætluninni er gert ráð fyrir, að þessari stíflugerð þurfi að vera lokið haustið 1974 til þess að mæta vaxandi álagi á núverandi Laxárvæði, en ári fyrr, ef Norðurland vestra og Austurland eru tengd við Laxárvirkjunarsvæðið.

Þriðji áfangi er samkv. áætluninni hækkun stíflunnar, svo að fallhæð verði alls 84 m, og getur fyrri vélin þá skilað 24 MW að afli. Á fyrrnefndu fylgiskjali áætlunarinnar er ráðgert, að sú hækkun þurfi að vera framkvæmd fyrir haustið 1984 fyrir núverandi Laxárvæði eitt, en tveim árum fyrr, ef áðurnefnd orkusvæði vestan og austan bætast við.

Fjórði áfangi er samkvæmt áætluninni að setja seinni vélasamstæðuna, og fer þá afl stöðvarinnar upp í 54,6 MW, eins og áður er sagt.

Ef stíflan væri ekki hækkuð fram yfir það, sem ráðgert er í

2. áfanga, og fallhæðin þá 59,5 m, myndu tvær vélasamstæður með sömu vatnsnotkun láta samtals í té 35 MW að afli til.

Svo sem Orkustofnun hefur áður látið í ljós, fær hún ekki annað séð en sú virkjun, sem framangreind áætlun frá 1. janúar 1968 um Gljúfurversvirkjun, 54,6 MW, fallhæð 84 m, fjallar um, ásamt viðbótarveitu vatns í Laxá úr Suðurá, sem ekki er innifalin í áætluninni, en bent er á í greinargerð um hana, sé hin hagkvæmasta tilhögun virkjunar efri hluta fallsins við Brúar, sem komið verður auga á eftir mjög ítarlegar rannsóknir, sem staðið hafa yfir með nokkrum hléum í meir en einn tug ára.

Andmæli gegn framkvæmd Gljúfurversvirkjunarinnar hafa komið fram frá íbúum S.-Þingeyjarsýslu, byggð á ótta um, að hún geti haft fjölbætt skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og náttúru-
far í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sum af þeim rökum, sem andmælin eru byggð á, eru augljóslega á misskilningi byggð, önnur gefa tilefni til að láta nánari athuganir fara fram. Með andmælunum hefur þó ekkert sérstakt komið fram, sem athygli hafði ekki áður borizt að við rannsókn og áætlanagerð að virkjuninni. Vísast í því sambandi til áætlananna og greinargerða með þeim, sérstakrar greinargerðar Laxárvirkjunarstjórnar, sem birzt hefur í dagblöðum höfuðstaðans, og nefndarálits þeirrar þriggja manna nefndar (Haukur Tómasson, jarðfr., Sigurður Thoroddsen, verkfr., og Sigurjón Rist, forstm. vatnamælinga ríkisins), sem raforkumálastjóri skipaði 26. 6. 1964 til „að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og næsta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni“.

Í heildarkostnaðaráætlunum þeim, sem nú liggja fyrir, er í áætlunarliðum, er nefnast ýmislegt og ófyrirséð, gert ráð fyrir nokkrum kostnaði af bótum fyrir skaðleg áhrif á búskaparaðstöðu og af ráðstöfun til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúru-
far. Að dómi Orkustofnunar eru ekki líkur fyrir, að fullnaðarathuganir á þessum atriðum og nánari útreikningar á kostnaði þeim, er hér getur orðið um að ræða, muni hægga þeirri niðurstöðu rannsóknar og áætlunargerða, sem til þessa hafa farið fram, að hin áætlaða Gljúfurversvirkjun sé hin hagkvæmasta virkjunartilhögun umrædds falls í Laxá.

Núgildandi lög um Laxárvirkjun heimila ráðherra að veita Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. KW raforkuver í Laxá (sbr. 4. og 5. gr. laganna). Þessi heimild nægir til leyfis-

veitingar að fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem ekki verður nema um 7,000 KW að afli. Áður en leyfi er veitt fyrir næsta áfanga, myndi hins vegar þurfa að fá Laxárvirkjunarlögnum breytt á Alþingi.

Tíminn, sem líður, þar til hefjast þarf handa um annan áfanga, veitir tóm til að athuga nánar þau atriði, sem fram hafa verið færð sem rök gegn fyrirhugaðri tilhögun Gljúfurversvirkjunar. Og raunar líður þó enn lengri tími, sem nota má til þeirra athugana, áður en stífla yrði hækkuð í fulla hæð og ráðist í veitu Suðurár.

Hins vegar er svo miklu eftir að seilast, hvað hagkvæmni í virkjun snertir, að vænta má, að stjórn Laxárvirkjunar muni telja rétt að taka áhættuna af því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir fullvirkjun, þótt óvist sé um niðurstöður umræddra athugana og leyfi ekki fengið fyrir fullvirkjun.

Leyfi það, er veitt var með bréfi ráðherra til stjórnar Laxárvirkjunarinnar, dags. 27. apr. 1967, var, svo sem að er vikið að framan, takmarkað við allt að 12,000 kílówatta stærð samkv. núgildandi lögum um Laxárvirkjun, og fyrsti virkjunaráfanginn, sem nú á að koma til framkvæmda, er að afli innan þeirra marka.

Með vísun til framanritaðs vill Orkustofnun mæla með því, að ráðherra veiti Laxárvirkjun leyfi til að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar samkvæmt framangreindri áætlun frá janúar 1968 með þeim fyrirvara, er leiðir af framanskráðu og samkvæmur er eðli málsins“.

Þessa umsögn orkumálastjóra sendi atvinnumálaráðuneytið (raforkumálaráðherra) stjórn Laxárvirkjunar ásamt bréfi, dags. 23. september 1969. Í þessu bréfi atvinnumálaráðuneytisins segir m. a. svo:

„Í 4. og 5. gr. laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun er ráðherra heimilað að leyfa Laxárvirkjun að reisa allt að 12 þúsund KW raforkuver í Laxá við Brúar, og nægir þessi lagaheimild til að leyfa að framkvæma fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunarinnar, sem nemur um 7 þúsund KW að afli. Að óbreyttum lögum brestur ráðuneytið heimild til að leyfa framkvæmd annars áfanga téðrar virkjunar, sem gerir ráð fyrir að auka aflið upp í 14.7 þúsund KW.

Samkvæmt þessu vill ráðuneytið hér með leyfa Laxárvirkjun

að reisa fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar í Laxá með um 7 þúsund KW afli í samræmi við framangreinda áætlun.

Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefir ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“.

Hinar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir við Laxá í Suður-Þing-syjarsýslu ollu miklu hugarróti meðal ábúenda og landeigenda á Laxárvæðinu. Stofnuðu þessir aðiljar með sér félagsskap, Félag Landeigenda á Laxárvæðinu. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur upplýst undir rekstri máls þessa, að 78 menn stæðu að þessum félagsskap. Í málinu hefur verið lagt fram skjal, sem nefnist: „Samþykktir landeigenda og ábúenda við Laxá í S.-Þing“. Í meginmáli skjals þessa segir m. a. svo: „Vér undirritaðir landeigendur og ábúendur við Laxá í S.-Þingeyjarsýslu höfum bundizt órofa samtökum einn fyrir alla og allir fyrir einn um að verja rétt vörn og framtíðarvelferð Laxár“. Síðasta málsgrein þessa skjals hljóðar svo: „Fari svo, að byrjunarframkvæmdir verði ákveðnar við Gljúfurversvirkjun og framkvæmdir hafnar í andstöðu við oss, munum vér beita öllum tiltækum ráðum til að hindra þær“.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur upplýst undir rekstri málsins, að félagið heiti nú ekki lengur Félag landeigenda á Laxárvæðinu, heldur Landeigendafélag Laxár og Mývatns.

Vegna þeirrar mótstöðu, sem hin fyrirhugaða virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu átti að mæta meðal landeigenda á Laxárvæðinu, leitaðist iðnaðarráðuneytið við að laða saman mismunandi skoðanir, sem fram höfðu komið. Hafði iðnaðarráðuneytið samráð við stjórn Laxárvirkjunar, sveitarstjórnarmeðlimi, fulltrúa héraðsnefndar Þingeyinga ásamt sýslumanni. Í bréfi, dags. 13. maí 1970, frá iðnaðarráðuneytinu til 7 aðilja, þ. á m. til stjórnar Laxárvirkjunar og til formanns Félags landeigenda á Laxárvæðinu, telur ráðuneytið, að í eftirfarandi yfirlýsingu þess sé fólgið viðunandi samkomulag aðilja, sem framhald málsins geti grundvallast á:

„Svo sem kunnugt er, hefur ráðuneytið með bréfi, dags. 23. september 1969, heimilað stjórn Laxárvirkjunar að hefjast handa um viðbótarvirkjun í Laxá í samræmi við lög nr. 60/1965 um

Laxárvirkjun. Tekur þessi heimild þó aðeins til virkjunarframkvæmda, er veita munu um 8 MW afl. Lengra nær heimildin ekki.

Ráðuneytið telur vatnsborðshækkun um 20 m, sem kynni að felast í næsta áfanga, innan marka þess, sem unnt yrði að leyfa síðar, en þó verði ekki teknar endanlegar ákvarðanir um neina vatnsborðshækkun, nema að undangengnum alhliða rannsóknum og að höfðu samráði við íbúa Laxárdals, sem þar eiga nú búsetu, eða niðja þeirra, hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Félag landeigenda á Laxárvæðinu.

Þessi vatnsborðshækkun skal þó aldrei verða meiri en brýn nauðsyn krefur og framkvæmd vatnsmiðlunar jafnan hagað með fyllsta tilliti til lax- og silungsveiði á veiðisvæðinu, sem hún kynni að hafa áhrif á.

Ráðuneytið tilkynnir stjórn Laxárvirkjunar, að það sé forsenda fyrir áframhaldandi virkjunarframkvæmdum, umfram þann áfanga, sem þegar er leyfður (8 MW), að gerðar verði fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár, og mun ráðuneytið hafa forgöngu um tilhögun og umfang þeirra rannsókna í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sýslunefnd S-Þing., náttúrufræðistofnunina, veiðimálastofnunina og Félag landeigenda á Laxárvæðinu ásamt stjórn Laxárvirkjunar.

Samkomulag er um það milli stjórnar Laxárvirkjunar og ráðuneytisins, að horfið sé frá áformum um Suðurárveitu, og verður hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að virkjunaráform í efri hluta Laxár og Kráká eru ekki á dagskrá.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókna annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á, til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandaflióts við Ísólfsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun eða samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Jafnframt þessu telur ráðuneytið æskilegt, að leitað sé samkomulags um viðtækari aðild að virkjun Laxár en nú er, einkum með þátttöku þeirra hreppa, sem málið varðar nánast og Húsa-víkurkaupstaðar.

Líkast til mundi samkvæmt framangreindu virkjað afl í Laxá allt að 15 MW með stíflu á síðara stigi af þeirri stærð, sem bæði sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband sýslunnar

hafa tjáð sig um og talið, að gæti verið við hæfi. Í ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga 1969 segir m. a.:

„Þessvegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastofnun ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri frá því, sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við hér-aðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast“.

Í ályktun sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, dags. 8. maí 1969, segir m. a.:

„Hins vegar vill sýslunefndin vekja athygli á, að hún telur héraðinu hagkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarvirkjun þar, þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar allt að 18 metrum“.

Engu að síður myndi, áður en til þess kæmi, fara fram, svo sem vitnað er til, sérfræðileg rannsókn, sem ákvarðanir yrðu grundvallaðar á.

Svo kynni að reynast í framkvæmd, að virkjunarmannvirki gætu stuðlað að óbeinni og beinni aðstoð við aukna og öruggari fiskirækt í Laxá.

Eigi þarf að óttast, að neins yrði látið ófrestað til eðlilegrar verndar þessa merka og fagra vatnasvæðis, sem öllum ætti að vera jafn hugleikið, og aukið samstarf og vaxandi aðild Þingeyinga, svo sem að er vikið, ætti að stuðla að“.

Þetta álit iðnaðarráðuneytisins reyndist þó eigi hafa við rök að styðjast, þar sem Félag landeigenda á Laxárvæðinu gat eigi sætt sig við þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Hinn 21. maí 1970 gerði Laxárvirkjun verksamning við Norðurverk h/f á Akureyri, þar sem Norðurverk h/f tekur að sér að byggja fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar við Brúar. Fjárhæð þessa verksamnings nemur kr. 169.965.020.00. Auk þess er samið við Norðurverk h/f um verk unnin á tímakaupi að upphæð kr. 8.877.000.00. Þá mun Laxárvirkjun sjálf annast smáhluta af verkinu, sem kosta mun á milli 2—3 milljónir króna. Þessir verkhlutar kosta því samtals um kr. 181.000.000.00. Vélbúnaður og fleira er samkvæmt kostnaðaryfirliti áætlað, að kosta muni 165.2 milljónir króna. Samtals mun því kostnaður við þennan fyrsta áfanga virkjunarinnar nema um 346.2 milljónum króna. Er þá ekki með talinn kostnaður vegna vaxta á byggingartíma, sem áætlaður er um 28 milljónir króna, og ekki heldur undirbúnings-

kostnaður, sem hefur numið um 8.5 milljónum króna. 60% af samningsupphæð Norðurverks h/f við Laxárvirkjun er tryggður gegn breytingum á verðmiðli.

Með lögbannsbeiðni, dags. 30. maí 1970, óskaði gerðarbeiðandi upphaflega, að lagt yrði lögbann við framangreindum virkjunarframkvæmdum í Laxá.

Með úrskurði, uppkveðnum 3. júní 1970, vék hinn reglulegi fógæti, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, sæti í máli þessu.

Hinn 18. júní 1970 var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma fógætaréttarmál þetta. Hefur setudómariinn kvatt með sér í dóminn þá dr. Gunnar Sigurðsson og Ögmund Jónsson verkfræðinga.

Hinn 4. ágúst 1970 kvað fógætaðómurinn upp úrskurð í málinu, þar sem synjað var um framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og málskostnaður látinn niður falla.

Gerðarbeiðandi vildi eigi una þessum úrslitum og áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnum hinn 14. og 28. september 1970.

Af hálfu Laxárvirkjunar og Norðurverks h/f var gagnáfrýjað til Hæstaréttar með stefnum 28. september og 14. október 1970.

Dómur gekk í málinu í Hæstarétti hinn 15. desember 1970. Þar urðu úrslit nokkuð á annan veg en fógætaðómur hafði úrskurðað 4. ágúst 1970. Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Af gögnum málsins og málflytningi aðilja verður ráðið, að ákvörðun um framkvæmd fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar, er í málinu greinir, hefur ekki verið kynnt landeigendum við Laxá né öðrum þeim, er kunna að eiga hagsmuni í húfi, á þann hátt, sem segir í c lið 1. málgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur þessum aðiljum ekki, svo að viðhlítandi sé, verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna vegna fyrrgreindra framkvæmda. Af þessum sökum verður eigi talið, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hafi sýnt ótvírætt fram á, að nefndur áfangi greindrar virkjunar hrófli ekki svo við rennsli Laxár, að bótaskyld tjón hljóti af. Ber að meta og bæta slíkt tjón eða setja tryggingu fyrir bótum í samræmi við nánari reglur í XV. og XVI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, áður en rennsli Laxár er breytt með þeim hætti, sem virkjun árinna í nefndum fyrsta áfanga hefur í för með sér. Af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda að því leyti, sem krafizt er lögbanns við því, að

breytt sé rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni. Ber fúgetadómi því að leggja á lögþann að þessu leyti gegn tryggingu af hálfu aðaláfrýjanda, sem fúgetadómur metur gilda. Hins vegar verður ekki fallizt á, eins og á stendur, að rök séu til að leggja að öðru leyti lögþann við framkvæmdum þeim, sem nú eru hafnar við Laxá á umráðasvæði gagnáfrýjanda Laxárvirkjunar“.

Hinn 18. desember 1970 ritaði formaður fúgetadómsins lögþönnum málsaðilja bréf þess efnis, að fúgetadómur mundi þinga í máli þessu, í samræmi við tilvitnaðan dóm Hæstaréttar, hinn 6. janúar 1971 í dómsal sýslumannsins í Húsavík.

Þann dag var málið tekið fyrir á ný í fúgetadóminum. Af hálfu Norðurverks h/f var þá eigi sótt þing, en hins vegar var mætt bæði af hálfu gerðarbeiðanda og gerðarþola Laxárvirkjunar.

Í nefndu þinghaldi lögðu lögmenn nefndra málsaðilja báðir fram greinargerðir auk fleiri skjala. Af hálfu Laxárvirkjunar var m. a. lögð fram athugun á tryggingarupphæð vegna hugsanlegs lögþanns. Athugun þessi er gerð af Knúti Ottersted, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar. Hún er dags. 23. desember 1970 og hljóðar svo:

„Hér er um tvær leiðir að velja, valkost 1, sem gerir ráð fyrir afl- og orkuskorti þann tíma, sem virkjunin er ekki nýtt, og valkost 2, þar sem gert er ráð fyrir, að raforkuþörf svæðisins verði fullnægt með bráðabirgðaráðstöfunum.

Valkostur 1, stöðvun í 1 ár.

1. Vextir af því fé, sem bundið er í mannvirkinu, 9% af 374 Mkr.		33,7 Mkr.
2. Söluþap:		
Aflvöntun 3000 kw á 2150 kr/kw ..	6,5	
Orkuskortur 2000 kw (meðaltal) í 4000 klst., eða 8 millj. kwst. á 0/16	1,3	
	—	7,8 —
3. Umframkostnaður í olíu, 7 millj. kwst. á 1/50		10,5 —
4. Fjölgun á starfsmönnum, 2 vélgæzlumenn á 0,5 Mkr.		1,0 —
5. Aukning á viðhaldskostnaði		1,0 —

Samtals 54,0 Mkr.

Valkostur 1, stöðvun í 2 ár.

1. Vextir af því fé, sem bundið er í mannvirkinu, 9% af 374 Mkr.		67,4	Mkr.
2. Söluþap:			
1. árið	7,8		
2. árið:			
Aflvöntun 4000 kw á 2150 kr/ks . . .	8,6		
Orkuskortur 2500 kw (meðaltal) í 4000 klst., eða 10 millj. kwst. á 0/16 . .	1,6		
	—	18,0	—
3. Umframkostnaður í olíu			
1. árið	10,5		
2. árið: 10 millj. kwst. á 1/50	15,0		
	—	25,5	—
4. Fjölgun á starfsmönnum		2,0	—
5. Aukning á viðhaldskostnaði		2,0	—

 Samtals 114,9 Mkr.

Valkostur 2, stöðvun í 1 ár.

1. Vextir eins og í valkosti 1		33,7	—
2. Ný 3500 kw dísilvél	27,0		
Uppsetningarkostnaður	2,5		
Hús og tenging við kerfið	7,5		
	—	37,0	—
3. Umframkostnaður í olíu, 14 millj. kwst á 1/50		21,0	—
4. Fjölgun á starfsmönnum, 3 vélgæzlumenn á 0,5 Mkr.		1,5	—
5. Aukning á viðhaldskostnaði		1,0	—

 Samtals 94,2 Mkr.

Valkostur 2, stöðvun í 2 ár.

1. Vextir eins og í valkosti 1		67,4	—
2. Ný 5000 kw dísilvél	37,0		
Uppsetningarkostnaður	3,0		
Hús og tenging við kerfið	9,0		
	—	49,0	—
3. Umframkostnaður í olíu:			
1. árið	21,0		
2. árið: 18 millj. kwst á 1/50	27,0		
	—	48,0	—

4. Fjölgun á starfsmönnum eins og að ofan	3,0 Mkr.
5. Aukning á viðhaldskostnaði	2,0 —

Samtals 169,4 Mkr.

Skýringar.

Innifalið í stofnkostnaði eru vextir á byggingartíma, sem eru áætlaðir 28 Mkr. Ekki hefir verið reiknað með hækkun stofnkostnaðar vegna verðs- og launahækkana á byggingartíma.

Við ákvörðun á sölutapi hefir verið stuðzt við orkuspá, sem gerð hefir verið fyrir Laxársvæðið, og jafnframt tekið tillit til sérstakrar aukningar, sem orðið hefir nýlega á svæðinu eða er í vændum og ekki er innifalin í spánni. Má þar m. a. nefna 2000 kw. gufuketil í sútunarverksmiðju S. Í. S. á Akureyri, sem á næsta ári mun að líkindum nota um 6—8 millj. kwst. Stækkun Kísiliðjunnar h.f. um helming og nú mun Norðurlandssvæðið, austan Tjörness, tengjast Laxárvirkjun innan skamms.

Topporka, framleidd með olú, hefir verið reiknuð út samkvæmt ákveðinni líkingu (Härlins), og einnig hefir verið stuðzt við topporkuframleiðslu undanfarinna ára.

Framleiðsla vegna truflana hefir verið áætluð og einnig þar stuðzt við undanfarin ár, en framleiðsla vegna truflana hefir verið miklum mun meiri en topporkuframleiðslan, sum árin jafnvel margföld topporkan.

Í valkosti 2 er gert ráð fyrir að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess, að ekki verði um afl- og orkuskort að ræða. Líklegasta lausnin verður væntanlega aukning á dísilafli, og hefir hér verið gert ráð fyrir því.

Dísilstöðin á Akureyri var stækkuð árin 1967 og 1968 um 3500 kw., og hefir kostnaður við þá framkvæmd verið hafður til hliðsjónar við ákvörðun stofnkostnaðar í þessu tilviki.

Gert er ráð fyrir því hér þrátt fyrir aukningu á afli, að um einhvern orkuskort verði að ræða, sem við frestun í eitt ár áætlast 1 millj. kwst. og við frestun í 2 ár 2 millj. kwst.

Á það má benda, að þessi aukning á dísilafli mun ekki verða notuð nema þann tíma, sem stöðvun á afnotum nýju virkjunarinnar varir, og því mun þessi viðbót standa lítt eða ekkert notuð í a. m. k. 10 ár, jafnvel lengur.

Í báðum valkostum hefir verið reiknað með verðlagi, eins og það er í dag, en verðhækkanir, t. d. á olú, munu hafa veruleg áhrif á þessa athugun.

Munnlegur málflutningur fór fram um lögbannstrygginguna.

Málsástæður gerðarbeiðanda.

Svo sem áður er að vikið, krefst gerðarbeiðandi þess, að lagt verði á lögban við breytingum á rennsli Laxár, vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, án þess að gerðarbeiðandi verði gert að setja tryggingu vegna lögbannsins. Telur hann, að skilja beri ákvæði nefnds hæstaréttardóms á þann veg, að fógetadómurinn skuli úrskurða, hvort og hversu miklar tryggingar skuli setja. Með úrskurði fógetadómsins frá 4. ágúst 1970 hafi ekkert verið úrskurðað um tryggingar. Því hafi Hæstiréttur ekki getað úrskurðað um þær sem fyrsta dómstig. Hins vegar sé það aðalatriðið, að með hæstaréttardóminum frá 15. desember 1970 hafi verið lagður efnisdómur á málið að því leyti, að viðurkennt sé, að Laxá sé á eignarréttarsvæði landeigenda, einnig þar sem hún renni fram hjá Brúum. Þetta sé í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923. Það eigi sér aldrei stað, að menn séu skyldaðir til að setja tryggingar, þegar þeir krefjast lögbanns við því, að aðrir menn ráðist á eignir þeirra. Ef krafizt væri tryggingar vegna lögbanns við því, að Laxá væri tekin, þá væri það hið sama og krafizt yrði tryggingar vegna þess, að menn krefðust lögbanns við því, að ráðizt yrði inn í íbúðir þeirra. Tryggingar eigi menn einungis að setja, þegar þeir krefjast lögbanns, sem hróflar við hagsmunum annarra manna.

Enn fremur bendir gerðarbeiðandi á það, að nú þegar hafi verið höfðað almennt dómsmál til að fá framkvæmdir Laxárvirkjunar við Brúar dæmdar ólögsmætar. Virkjunarframkvæmdum skuli ljúka á árinu 1972 og verði því naumast fyrr þörf á að hleypa vatni á vatnshverfla stöðvarinnar, sem verið er að reisa við Brúar. Allar líkur séu til, að hinu almenna dómsmáli verði lokið árið 1972, bæði fyrir undirrétti og Hæstarétti. Það verði því ekki fyrr sem Laxárvirkjun fari að bíða tjón vegna þess, að hún hafi ekki aflað sér nægra réttinda yfir vatninu í Laxá. Dómur í hinu almenna dómsmáli verði hins vegar kveðinn upp án allra tryggingargreiðslna, ef vatnstaka eða virkjunarframkvæmdir verða dæmdar ólögsmætar. Af þessu telur gerðarbeiðandi augljóst, að engin ástæða sé til að krefjast tryggingar vegna lögbanns, sem ekki valdi neinu tjóni fyrr en hugsanlega árið 1972. Þá bendir gerðarbeiðandi og á það, að samkvæmt 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949 þá sé ekki skylt að setja lögbannstryggingu.

Málsástæður gerðarþola, Laxárvirkjunar.

Gerðarþoli heldur því fram, að lögbann í samræmi við dóm

Hæstaréttar frá 15. desember 1970 muni valda Laxárvirkjun fyrir-sjáanlega stórkostlegu fjárhagstjóni, miska og kostnaði, ef virkjun sú, sem unnið er að, nýtist ekki um lengri eða skemmri tíma af völdum lögbannsins.

Beri fógætadómnum samkvæmt fyrirmælum hæstaréttardóms-ins að meta tryggingu, sem hann taki gilda, sem gerðarbeiðanda verði gert að setja fyrir greiðslu alls fjártjóns, miskabóta og kostnaðar, sem gerðarpóla kunni að stafa af gerðinni. Tryggingin sé skilyrði fyrir því, að lögbannið nái fram að ganga, enda skuli fógætadómur krefja gerðarbeiðanda um tryggingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Vanræki fógeta-dómur það að krefjast þess, að nægileg trygging sé sett, þá sé það vítaverð embættisvanræksla af hans hálfu og hugsanlegt sé, að hann verði samábyrgur gerðarbeiðanda um greiðslu bóta fyrir tjón, er af gerðinni hlýzt.

Gerðin beinist að stöðvun virkjunar, sem áætlað sé, að kosti um 374 milljónir króna. Söluþap vegna afls- og orkuskorts sam-fara vaxtatapi af því fé, sem bundið er í mannvirkjum, umfram-kostnaði í olíunotkun, fjölgun starfsmanna vegna vélgæzlu í dísilrafstöð og aukningar á viðhaldskostnaði í eitt ár, nemi sam-tals samkvæmt athugun framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, dags. 23. desember 1970, 54 milljónum króna. Sé þá ekki reiknað með hækkun stofnkostnaðar vegna verðs- og launahækkana á bygg-ingartíma hins nýja orkuvers. Athugun þessi styðjist við orkusþá, sem gerð hafi verið fyrir Laxársvæðið, jafnframt sé tekið tillit til sérstakrar aukningar á raforkuþörf, sem orðið hafi nýlega á svæðinu eða sé í vændum, en eigi sé reiknað með í spánni, svo sem 2.000 KW gufukatli í sítunarverksmiðju S. Í. S. á Akureyri, stækkun Kísiliðjunnar h/f um helming, og enn fremur muni Norð-Austurlandssvæðið austan Tjörness tengjast Laxárvirkjun innan skamms.

Ef stöðvun yrði á rekstri nývirkjunarinnar í 2 ár sökum lög-bannsins, mundi söluþap vegna afls- og orkuskorts aukast um 10.2 milljónir króna, umframkostnaður vegna olíunotkunar mundi aukast um 15 milljónir króna og aðrir kostnaðarliðir tvö-faldast. Tjón vegna stöðvunar í 2 ár mundi því nema 114.9 milljónum króna samkvæmt framangreindri athugun fram-framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar frá 23. desember 1970.

Þessar athuganir framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar séu hins vegar við það miðaðar, að engar ráðstafanir verði gerðar af hálfu Laxárvirkjunar til að ráða bót á afls- og orkuskorti, sem stafaði

af því, að virkjunin nýttist ekki sökum lögbannsins. Þær ráðstafanir, sem til greina geti komið, séu kaup á nýrri dísilvél 3.500 KW eða 5.000 KW og fjölgun vélgæzlumanna til rekstrar hennar. Framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar áætli í athugun sinni frá 23. desember 1970, að kostnaður vegna slíks úrræðis til að bæta úr afls- og orkuskorti við stöðvun vatnsorkuversins í 1 ár muni nema 94.2 milljónum króna miðað við kaup á 3.500 KW dísilvél, en við stöðvun vatnsorkuversins í 2 ár 169.4 milljónum króna miðað við kaup á 5.000 KW dísilvél.

Gerðarþoli, Laxárvirkjun, bendir á það, að trygging, sem gerðarbeiðanda yrði gert að setja eftir mati fógetadóms til greiðslu bóta fyrir fjártjón, þar á meðal lántraustsspjöll, sem gerðarþoli kunni að líða sakir lögbannsgerðarinnar, miska og kostnað, þurfi að vera rífleg og unnt að greiða hana af hendi tafarlaust, þegar bætur bæri að greiða. Því sé sú krafa gerð af hálfu gerðarþola, Laxárvirkjunar, að tryggingarfjárhæðin verði metin 145 milljónir króna og verði peninga- eða bankatrygging. Byggir gerðarþoli, Laxárvirkjun, þessa kröfu sína á athugun framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar frá 23. desember 1970, sem rakin hefur verið hér að framan. Miðar gerðarþoli, Laxárvirkjun, við, að nýting nývirkjunarinnar geti dregið vegna lögbannsins í allt að 2 árum. Að auki gerir gerðarþoli ráð fyrir bótum fyrir lántraustsspjöll, miska og kostnað.

Niðurstaða fógetadómsins.

Samkvæmt 12. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18 frá 22. marz 1949, sbr. 27. gr. sömu laga, skal fógeti, áður en lögbann byrjar, krefja beiðanda hæfilegrar tryggingar fyrir greiðslu tjóns og miskabóta, sem gerðarþola kann að stafa af gerðinni, nema í undantekningartilvikum, sem ekki eiga við í máli þessu. Við mat þeirrar tryggingar ber að hafa í huga hugsanlegt tjón, bæði fjártjón og miska, sem gerðarþoli kann að líða vegna gerðarinnar. Heimildarlaust er að láta efnahag gerðarbeiðanda hafa áhrif á það mat.

Þegar hafðir eru í huga hagsmunir þeir, sem lögbannið beinist gegn, líkleg frestun á því, að orkuverið geti hafið orkuvinnslu vegna málaferla þessarar, sölutap á raforku, aukinn kostnaður vegna díselrafstöðva, kostnaður við þessi málaferli svo og láns- traustsspjöll og miski, þykir trygging af hálfu gerðarbeiðanda hæfilega metin kr. 135.000.000.00. Skal trygging þessi vera peninga- eða bankatrygging. Ber að afhenda hana fógetadóminum, áður en hið umbeðna lögbann verður á lagt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Magnús Thoroddsen, setudómari í máli þessu, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendum dr. Gunnari Sigurðssyni og Ögmundi Jónssyni verkfræðingum.

Úrskurðarorð:

Áður en hið umbeðna lögban verður á lagt, skal gerðarbeiðandi, Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður f. h. Landeigendafélags Laxár og Mývatns (áður Félags landeigenda á Laxársvæðinu), afhenda fógetadóminum tryggingu að fjárhæð kr. 135.000.000.00, er sé í formi peninga- eða banka-tryggingar.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.

Miðvikudaginn 12. maí 1971.

Nr. 51/1971. **Herbert J. Stiefel**
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Álafossi h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1971. Við þingfestingu málsins hinn 3. maí 1971 gerði stefndi þá kröfu, að áfrýjanda verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er áfrýjanda kynni að vera dæmt að greiða.

Af hálfu áfrýjanda hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð um þennan þátt málsins. Hann er amerískur kaupsýslumaður, búsettur í New York. Í málinu krefur hann stefnda